

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 — 1988

2. desember 1988

1287

Nr. 505

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnuþryggingarsjóð
útflytningsgreina.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari, að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra þegar til lengri tíma er litið, og að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri, enda uppfylli þau skilyrði 11. gr. um tryggingar.

2. gr.

Í 3. ml., 3. mgr., 8. gr. komi orðin „2. mgr.“ í stað „1. mgr.“.

3. gr.

3. ml., 2. mgr., 11. gr. orðist svo:

Sjálfskuldarábyrgð banka, sjóða og traustra fyrirtækja eða einstaklinga eða ábyrgð sveitarsjóðs eða bæjarfélags.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. bráðabirgðalaga nr. 83, 28. september 1988, um efnahagsaðgerðir, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 2. desember 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benedikisson.

21. nóvember 1988

AUGLÝSING

Nr. 506

um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í b-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar á Seltjarnarnesi hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Umferðarréttur á gatnamótum Suðurstrandar og Lindarbrautar á Seltjarnarnesi breytist þannig, að Suðurströnd fær aðalbrautarrétt, en Lindarbraut biðskyldu.

Breytingin tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórnin á Seltjarnarnesi, 21. nóvember 1988.

Már Pétursson.